

Fundur 23.9.2024 Ellý Katrín Guðmundsdóttir dó sumar 2024 með alzheimer.

Góða kvöldið.

*Já góða kvöldið.*

Heyra allir vel í mér ?

*Já, já.*

Gleður mig að komast í sambandið.

Þykir mér vænt um að komast í sambandið og getað talað hér til ykkar í kvöld, er það misjafnlega auðvelt og erfitt fólki að koma erindi sínu á framfæri.

Og við erum nokkur sem ekki eigum eins auðvelt með að koma í gegn í sambandinu og hef ég fengið aðstoð og hef ég talað til fólks þar sem það er vant að heyra slíkar frásagnir.

En er mér það sérstaklega erfitt að byrja slíkt samband nú eins og vantrúarhjúpur sé meiri á frumlífs hnöttum eins og gömlu jörðinni og vona ég að um greiðist.

Og vil ég byrja á því að lýsa þeim atriðum sem mér hafa verið efst í huga við komuna hingað og ég vil lýsa því hversu mikill fögnuðurinn er, að fá aftur tækifæri til að lifa og hrærast og styrkjast og finna mátt líkamans aukast.

Og undrunina yfir náttúrunnar furðuverkum og þeirri undrun að vakna að nýju í líkama sem er ekki nákvæmlega eins og sá gamli, heldur yngri og svipmót hið sama á andlitinu.

En bæði hef ég verið að kljást við að ná fullum bata og er það einnig atriði sem mun vera algengt að send eru áhrif frá Guði þeim sem þið nefnið Jahve og reynir hann að koma fram áhrifum til þess að láta fólk sofa fram að dómsdegi.

Og er hér mikil stöð þar sem kristnir af gamla hnettinum eru og biskup gamall og það kemur fram í því að gleymaska mín er ekki að fullu læknuð.

Og á það við um ýmsa fleiri en hef ég þó náð sífellt meiri bata og framförum og hef ég tekist það verkefni á hendur að hjálpa þeim sem eins er ástatt um.

Og hvort sem það er mikið eða lítið sem fólk þarf að ná sér, þá er mikilvægt að það gangi allt til baka.

Hef ég mjög fengið orku frá umhverfinu og öðru fólki og hér er gott að ganga um og ferðast og eru hér farartæki sem ekki menga og er það mikilvægt og vil ég gjarnan segja frá því.

Var okkur sagt frá því við komuna á þennan hnött að fyrirrennarar okkar sem byggðu þennan hnött fyrir allöngu síðan, hafi sagt skilið við jarðefnaeldsneyti.

En er það þó notað í einhverjum undantekningar tilfellum þar sem líforkan er lítil, eins og í litlum bátum eða slíku.

Þar sem mannfélögin eru ekki orkumikil, en algengast er það að farartækin svífi og njóta þau orku, samstillingarorku mannfélagsins.

Og þar sem ég hafði mikinn áhuga á þessu í jarðlífi, þá varð þetta mikið ánægjuefni og vildi koma þessu í gegn.

Og veit ekki hvort það nýtist ykkur, en kannski hefur það komið áður í gegn og hér eru hópar fólks sem þjáðust af sama sjúkdómi og ég.

Og finn ég það er ég tala við ykkur, að eitthvað kann það að hamla mér, sem hamlaði mér þá, en njótum við orku og lækningar.

Og finnst mér það merkilegt að fræðast um það að allir sjúkdómar eru af sama meiði heistefnunnar.

Og helstefnu aflanna að hindra framsókn vits og döfnunnar mannskepnunnar og annarra lífvera.

Get ég nú ekki haft þetta mikið lengra að sinni, en vil ég senda kærar kveðju til fjölskyldu og vina að ég er á lífi og allt stefnir mér í hag, reyni ég að segja nafn mitt áður en ég kveð.

Íslendingur lést í sumar, Ellý Guðmundsdóttir, næ ekki að koma því betur fram.

Ellý Guðmundsdóttir, verið þið sæl, þakka ég fyrir.

*Vertu sæl og þakka þér fyrir, og vertu velkomin aftur.*